

## Kennsluáætlun

Haust 2020

**Bekkur:** 3. bekkur

**Námsgrein:** Stærðfræði

**Fjöldi kennslustunda:** 5

**Kennari:** Júlíana og Kolbrún

### Áfangalýsing

**Kennsluaðferðir:** Bókleg kennsla, verkleg kennsla, útikennsla, spil og leikir.

**Námsmat:** Í stærðfræði er lögð áhersla á símat í formi kannanna. Einnig er lagt upp með að nota leiðsagnarmat og þar að auki er virkni og þátttaka í kennslustundum metin. Við mat er stuðst við hæfniviðmið 4. bekkjar sem tilgreind eru í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011/2013.

**Námsgögn:** Sproti 3a og 3b, nemendabók og æfingahefti. Við stefnum á margföldun, gögn frá kennara.

Unnið er út frá eftirfarandi kennsluáætlun en námsefni og verkefni eru aðlöguð að nemendum út frá hæfni hvers og eins þar sem unnið er að sömu markmiðum.

Kennari áskilur sér rétt til að breyta kennsluáætlun án fyrirvara.

## Hæfniviðmið

### Spurt og svarað með stærðfræði.

Markmið að nemandi:

- Geti útskýrt texta um stærðfræðileg viðfangsefni og greint um hvað það fjallar.
- Útskýri fyrir kennara og bekkjarfélögum hvernig hann leysir verkefni.
- Geti beitt skipulögðum aðferðum við lausnir verkefna og þrauta.

### Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

Markmið að nemandi:

- Noti vasareikni til að sjá hvernig tölur breytast.
- Sýni skilning á notkun talna og aðgerðamerkja.
- Þjálfist í að nota mismunandi hjálpargögn.

### Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Markmið að nemandi:

- Kynnist því að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- Geti nýtt sér stærðfræði í daglegu lífi.
- Geti nýtt sér einföld stærðfræðihugtök t.d. í verkefnavinnu og í tali.

### Tölur og reikningur

Markmið að nemandi:

- Noti náttúrulegar tölur frá 0 og upp í 999.
- Reikni með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.
- Þjálfist í að nota þekkingu sína og skilning á tölum við að reikna samlagningar-, frádráttar- og margföldunardæmi.
- Þjálfist í einföldum brotum og hlutföllum og hvernig þau eru notuð í daglegu lífi.

## Algebra

Markmið að nemandi:

- Skoði og myndi talnamynstur.
- Æfi talnarunur og mynstur, t.d. með því að telja s.s 2,4,6 eða með því að nota t.d. líkön eða hluti.
- Þjálfist í að finna lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar.

## Rúmfræði og mælingar

Markmið að nemandi:

- Geti framkvæmt einfaldar mælingar.
- Skoði lögun hluta og ræði um eiginleika og notagildi.
- Þjálfist í notkun ólíkra mælieininga t.d með því að mæla lengd, hitastig, rými, þyngd og tíma.
- Þjálfist í að spegla og hliðra flatarmyndum sem þekja flötinn.

## Tölfræði og líkindi

Markmið að nemandi:

- Geri töflur og einföld súlurit um eitthvað sem tengist daglegu lífi.
- Geti talið, flokkað og skráð niðurstöður.
- Ræði um niðurstöður útreikninga súlurita.

Dagsetning	Viðfangsefni	Dæmi	Námsmat
24. – 28. ágúst	Hópefli		
31. ágúst – 4. sept.	Upplýsingar og tölfræði Vasareiknir	Sproti 3a, bls. 3 – 9	
7. – 11. sept.	Upplýsingar og tölfræði Vasareiknir	Sproti 3a, bls. 10-15	
14. – 18. sept	Tíminn	Sproti 3a, bls. 61 - 65 Klukkanapp	
21. – 25. sept	Tíminn	Sproti 3a, bls. 66 -71 Klukkubingó	
28. sept – 2. okt.	Þriggja stafa tölur Upprifjun í uppsetningu dæma	Sproti 3a, bls. 16 - 22	Könnun úr tölfræði og klukkunni í byrjun vikunnar
5. – 9. okt.	Þriggja stafa tölur Uppsetning dæma - samlagning	Sproti 3a, bls. 23 - 29	
12. – 16. okt.	Þriggja stafa tölur Uppsetning dæma - frádráttur	Sproti 3a, bls. 30 - 35	
19. – 23. okt.	Mælingar	Sproti 3a, bls. 40-45 52 – 55	Könnun úr uppsetningu dæma
26. – 30. okt.	Mælingar	Sproti 3a, bls. 46 - 49	

2. – 6. nóv.	Mælingar	Sproti 3a, bls. 50- 55	
9. – 13. nóv.	Rúmfræði - þrívíð form	Sproti 3a, bls. 76 - 81 Efni frá kennara	Könnun úr þriggja stafa tölum og mælingum í byrjun vikunnar.
16. – 20. nóv.	Rúmfræði - flatarmál	Sproti 3a, bls. 82 - 87	
23. nóv – 27.nóv	Margföldun	Sproti 3a, bls. 92-97	Könnun úr rúmfræði.
30. nóv – 4. des.	Margföldun	Sproti 3a, bls. 97-103	
7. – 11. des.	Deiling	Sproti 3a, bls. 108 - 113	
14. – 18. des.	Deiling	Sproti 3a, bls. 114-117 Jólastærðfræði	Könnun í margföldun og deilingu